



Skipulagsnefnd Mýrdalshrepps
Fundargerð

Fundur nr. 277 í Skipulagsnefnd Mýrdalshrepps haldinn fimmtudaginn 13. febrúar 2020 kl. 16:00 í Kötlusetri, Víkurbraut 28 í Vík.

Fundinn sátu ásamt undirrituðu nefndarfólki, Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri Mýrdalshrepps og George Frumuselu skipulags- og byggingarfulltrúi Mýrdalshrepps.

Skipulags- og byggingarfulltrúi óskar eftir því að eftirfarandi mál verði tekið utan auglýstrar dagskrár:

Víkurbraut – Umsókn um stofnun lóðar.

Jón Þorsteinsson óskar um stofnun lóð undir litla kjötvinnslu og reykhus, í samræmi við framlögð gögn. *Verður liður 11 í fundargerð.*

Frábrigðið samþykkt samhljóða.

Mýrdalshreppur – Endurskoðun aðalskipulags 2019-2031

Lögð er fram til kynningar samantekt frá íbúafundi þann 6. febrúar 2020. *Verður liður 12 í fundargerð.*

Frábrigðið samþykkt samhljóða.

Hvoll 1 – Kynning á skógræktar

Lagt er fram erindi frá Sigurði Magnússýni um fyrirhugaðar skógræktsvæði á landi Hvol 1, í samræmi við framlögð gögn. *Verður liður 13 í fundargerð.*

Frábrigðið samþykkt samhljóða.

Víkurbraut 21a- Kynning

Lögð er fram teikning og kynning að hugmynd um byggingu á þjónustukjarna fyrir heimamenn. *Verður liður 14 í fundargerð.*

Frábrigðið samþykkt samhljóða.

Dagskrá fundarins:

I. Skipulagsmál:

1. Rangárþings eystra – Endurskoðun aðalskipulags.

Guðmundur Úlfar Gíslason f.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra óskar eftir umþögn um skipulags- og matslýsingu vegna endurskoðunar aðalskipulags Rangárþings eystra 2020-2032 skv. 1. mgr. 30 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

- Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við skipulags- og matslýsingu vegna endurskoðunar aðalskipulags Rangárþings eystra 2020-2032.

2. Skaftárhreppur – Endurskoðun aðalskipulags.

Ólafur Elvar Júlíusson f.h. sveitarstjórnar Skaftárhrepps óskar eftir umsögn um lýsingu vegna endurskoðunar aðalskipulags Skaftárhrepps 2020-2032 skv. 1. mgr. 30 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

- Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við skipulagslýsingu vegna endurskoðunar aðalskipulags Skaftárhrepps 2020-2032.

3. Varnargarður við Víkurklett.

Lögð er fram tillaga Vegagerðinni um staðsetningu varnargarðs við Víkurklett.

- Skipulagsnefnd samþykkir staðsetningu garðsins.

Skipulagsnefnd leggur áherslu á að Þjóðleiðinni sem liggur meðfram Víkurhömrum og reiðleið sem fylgir Þjóðvegi 1 verði veitt yfir garðinn. Jafnframt samþykkir skipulagsnefnd að vegslóða sem liggur frá Þjóðvegi 1 í suðurátt á fjöru verði lokað.

4. Víkurbraut 32A – Umsókn um stofnun lóðar.

Haukur Pálmason óskar um stofnun lóðar undir bílskúr, í samræmi við framlögð gögn.

- Þar sem umrædd lóð er ekki inni á skipulagi getur nefndin ekki orðið við umsóknni. Skipulagsfulltrúa falið að hefja vinnu við gerð deiliskipulags á svæðinu.

5. Víkurbraut 15A – Breyting húsnæðis.

Jón Ómar Finnsson f.h. Puffin Hotel Vík ehf. sækir um leyfi fyrir breytingu húsnæðis við Víkurbraut 15A, í samræmi við framlögð gögn.

Drífa Bjarnadóttir víkur af **fund**.

- Yfirbragð byggðarinnar norðan Víkurbrautar hefur haldið svipmóti sínu frá upphafsárum þorpsins að miklu leyti og í því felast mikil verðmæti. Möguleikar til uppbyggingar innan svæðisins eru takmarkaðir og má það að mestu leyti teljast fullbyggt, þó eru tækifæri til þess að styrkja svipmót þess og nauðsynlegt að tryggja að því verði ekki spillt með óvarlegum aðgerðum eða aðgerðarleysi innan þess. Þess vegna fagnar skipulagsnefnd breytingunni og felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram.

Drífa kemur aftur inn á fundinn.

6. Sléttuvegur 6 – Umsókn um stöðuleyfi.

Sigurður Elías Guðmundsson f.h. E.Guðmundsson ehf. sækir um stöðuleyfi fyrir gám við Sléttuveg 6, í samræmi við framlögð gögn.

- Samþykkt samhljóða.

7. Sléttuvegur 10 – Umsókn um stækkun lóðar.



Vilhjálmur Sigurðsson f.h. Hótel Kría ehf. sækir um heimild til stækkunar lóðarinnar Sléttuvegur 10, auðkenni 224904 um 7 m til vesturs, í samræmi við framlögð gögn.

- Skipulagsnefnd samþykkir tillögu tvö í umsókn sem er 20m. Stækkun til vestur.

8. Golfvöllurinn Vík – Umsókn um stöðuleyfi.

Holly Keyser sækir um stöðuleyfi fyrir matarvagn við golfvöllurinn í Vík, í samræmi við framlögð gögn.

- Samþykkt samhljóða.

9. Klettsvegur 1 – Umsókn um byggingarleyfi.

Sigurður Elías Guðmundsson f.h. E.Guðmundsson ehf. sækir um byggingarleyfi fyrir aðstöðu með heitum pottum við hótél Vík í Mýrdal við Klettsvegur 1, í samræmi við framlögð gögn.

- Skipulagsnefnd getur ekki tekið afstöðu til málsins úr frá þeim gögnum sem fylgja umsókninni. Skipulagsfulltrúa falið að kalla eftir ítarlegri gögnum.

10. Efnistaka í sandfjöru austan Víkur – Breyting á aðalskipulagi.

Ásgeir Jónsson f.h. LavaConcept Iceland ehf. lögð fram til upplýsingar drög um matstílkynningu og skipulagslýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps varðandi efnistökusvæði og iðnaðarsvæði í fjörunni austan við Vík.

- Skipulagsnefnd gerir athugasemd við staðsetningu námu í landi Mýrdalshrepps vegna fyrirhugaðs varnagarðs undan Víkurkletti. Í lið 3.3. í Skipulags og matslýsingu er vitnað í deiliskipulag frá 1998 um urðunarsvæði við Uxafótalæk, þar er því haldið fram að svæðið hafi ekki verið notað í langan tíma, Skipulagsnefnd hafnar því þar sem svæðið er í fullri nýtingu og ekki komið til umræðu að breyta því. Skipulagsnefnd gerir athugasemd við staðsetningu vinnslusvæðis vegna nálægðar við þjóðveg.

11. Víkurbraut – Umsókn um stofnun lóðar.

Jón Þorsteinsson óskar um stofnun lóðar undir litla kjötvinnslu og reykhus, í samræmi við framlögð gögn.

-Þar sem umrædd lóð er ekki inni á skipulagi getur nefndin ekki orðið við umsókninni. Skipulagsfulltrúa falið að hefja vinnu við gerð deiliskipulags á svæðinu.

12. Mýrdalshreppur – Endurskoðun aðalskipulags 2019-2031

Lögð er fram til kynningar samantekt frá íbúafundur þann 6. febrúar 2020.

- Skipulagsnefnd þakkar fyrir kynninguna.

13. Hvoll 1 – Kynning á skógræktar

Lögð er fram erindi frá Sigurði Magnússýni um fyrirhugaðar skógræktisvæði á landi Hvol 1, í samræmi við framlögð gögn.

- Skipulagsnefnd setur sig ekki uppá móti skógrækti í landi Hvols1 og felur skipulagsfulltrúa að vinna málið.




14. Víkurbraut 21a- Kynning


Lögð fram teikning og kynning að hugmynd um byggingu á þjónustukjarna fyrir heimamenn.
Verður liður 14 í fundargerð.

-Skipulagsnefnd fagnar hugmyndinni og þakkar fyrir kynninguna.


Fundi slitið klukkan 18.40



Drífa Bjarnadóttir



Guðrún Hildur Kolbeins




Óðinn Gíslason



Kristján Þórðarson



George Frumuselu



Jónas Erlendsson